

Samþykkt um námsorlof og rannsóknir

5. þing KÍ heitir á yfirvöld menntamála og vinnuveitendur félagsmanna sambandsins að auka rétt og möguleika félagsmanna KÍ til launaðra námsorlofa til að efla þekkingu sína og færni eigi sjaldnar en á tíu ára fresti. Tryggja þarf möguleika og svigrúm félagsmanna KÍ til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.